



UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar

Umsögn um tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lagfæringar á Hlemmi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs þann 1. mars sl. var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

Lagt er til að aðstaða strætófarþega á Hlemmi verði bætt með eftirfarandi aðgerðum:

- 1. Skiptistöðin verði opin farþegum á morgnana meðan strætisvagnar ganga.*
- 2. Aðstaða og upplýsingagjöf við farþega verði bætt inni í skiptistöðvarhúsinu, t.d. með uppsetningu leiðakorts, leiðataflna og rauntímabúnaði, sem sýnir hvenær vagnar eru væntanlegir á stöðina. Þá verði Klapp-kort til sölu í skiptistöðinni.*
- 3. Merkingar verði bættar utandyra á Hlemmi og gerðar sýnilegri en nú er, farþegum til leiðbeiningar. Þetta á ekki síst við um biðstöð B, sem og biðstöðvar austan og vestan megin við húsið.*

Tillögunni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar þann 8. mars sl.

Umsögn:

Húsnæðið við Hlemm er leigt út til rekstraraðila með þeim kvöðum m.a. að salerni hússins og miðrymi þess sé opið almenningi og farþegum Strætó. Ekki var gerð sú krafa að húsið væri opið á þeim tímum sem Strætó gengur enda myndi kostnaður við rekstur hússins hækka til muna við slíka kvöð.

Til að hægt sé að selja Klapp-kort á Hlemmi þarf að koma upp aðstöðu til þess og/eða semja við leigjanda hússins eða rekstraraðila. Klapp-kort og klapp tíur eru nú þegar til sölu í verslun 10-11 við Laugaveg 116, rétt við Hlemm. Ef setja á upplýsingakort inni á Hlemmi þarf, líkt og með sölu á kortum að ná samkomulagi við rekstraraðila eða leigjanda hússins um slíkt. Rauntímakort er staðsett utan við Hlemm sem sýnir komu og staðsetningu næstu strætisvagna. Merkingar biðstöðva eru á ábyrgð Strætó bs. Árið 2020 voru upplýsingar við biðstöðina uppfærðar með það að leiðarljósi að einfalda viðskiptavinum að staðsetja sig á stöðinni og að átta sig á hvar ákveðnar leiðir stöðva í kringum stöðina. Á þeim tímapunkti var stöðinni skipt upp í Hlemm A, B og C til að auðvelda farþegum að átta sig á hvar vagnarnir stöðva.



Reykjavíkurborg

Fyrirhugaðar framkvæmdir á Hlemmi og nýtt leiðanet Strætó munu draga úr mikilvægi Hlemms sem skiptistöðvar. Breytingar sem gerðar verða á leiðaneti Strætó og biðstöðvum vegna framkvæmdanna verða vel merktar og kynntar farþegum.

Virðingarfyllt,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngustjóri